

## **Svör Samfylkingarinnar við spurningum LH**

**1. Er þinn flokkur tilbúinn til að lögfesta í vegalögum lögverndun reiðvega sem tryggði öryggi hestamanna og bannaði um leið umferð mótorknúinna ökutækja nema sem um getur í 5. gr. a. 1.mgr. umferðalaga?**

Svar: Já, það er okkar skoðun að það þurfi að gera. Að mati Samfylkingar er ein besta leiðin til að tryggja öryggi hestamanna er að aðskilja eins mikið og hægt er umferð vélknúinna ökutækja og umferð hestamanna. Nýsamþykkt náttúruverndarlög leggja til dæmis grundvöll að frekari aðgreiningu á milli þessara hópa á hálendi Íslands. Í þéttbýli á áfram að stefna að góðri aðgreiningu á milli umferðar vélknúinna faratækja og hestamanna.

**2. Árlega skapast miklar gjaldeyrstekjur í kringum íslenska hestinn og hestatengda ferðaþjónustu. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir auknu fé til reiðvegamála t.d. ½ til 1% af þeim gjaldreyri sem hestamennskan skapar?**

Svar: Samfylkingin vill efla stuðning og umgjörð við hestamennsku og hrossaræktina. Greinin hefur verið nokkuð afskipt í stoðkerfi landbúnaðarins og við viljum efla færar leiðir til að auka þann stuðning markvisst. Því kemur vel til greina að fara þá sem leið lögð er upp í spurningunni.

Síðustu fjögur árin hefur því miður þurft að skera mikið niður í framkvæmdum til að greiða fyrir kostnaðinn af hruninu. Nú hefur tekist að loka fjárlagagatinu og áætlanir gera ráð fyrir að afgangur verði að rekstri ríkisins næstu ár. Um leið gefast tækifæri til að styðja frekar við uppbyggingu reiðvega á Íslandi.

**3. Telur þinn flokkur ástæðu til að færa reiðvegi frá umferðarþungum akvegum?**

Við teljum það mikið öryggismál að færa þá frá umferðarþunganum. Stefna ber að því að færa reiðvegi frá umferðarþungum akvegum og ber að hyggja að slíku í samstarfi við landeigendur, sveitarfélög, vegagerð og stjórnvalda. Hlutverk stjórnvalda er að tryggja nægileg fjármagn til reiðvegagerðar og svo á það að vera hestamanna sjálfra að forgangsraða með hvaða hætti þeim fjármunum sé varið.

**4. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir því að hestaíþróttir verði viðurkenndar sem sérstök námsbraut í framhaldsskólakerfinu, þannig að þeir sem ljúka þar námi öðlist réttindi til t.d. tamninga, þjálfunar, kennslu og að taka að sér og leiða hópa í ferðamennsku á hestum ?**

Svar: Við teljum að það eigi að vera sjálfstæð námsbraut og reynslan frá FSu styður það eindregið.

Það er mjög ákjósanlegt að styrkja nám í hestaíþróttum og tengja það við nám á gagnfræða og menntaskólastigi. Auka þarf fjölbreytni í skólastarfi, t.d. til að sporna við brottfalli og hestaíþróttir geta þar gegnt veigamiklu hlutverki. Þannig geti námið orðið að viðurkenndu réttindanámi. Skoða þyrfti þann möguleika að hægt væri að bjóða uppá svona nám á höfuðborgarsvæðinu.

**5. Er þinn flokkur tilbúinn eftir kosningar til að skoða skattalegt umhverfi hestamenskunnar með það að markmiði að minnka kostnað þeirra sem stunda hestamennsku?**

Svar: Svar: Hagsmunaaðilar og stjórnvöld þurfa að taka höndum saman og koma á samstarfsvettvangi til að bæta skattalegt umhverfi hestamenskunnar. Báðir aðilar geta haft mikinn hag af slíku. Skjót viðbrögð þingmanna allra flokka er kom að fasteignagjöldum hestahúsa sýnir vel að gott samstarf milli hagsmunaaðila er mikilvægt. Ein leið sem við viljum skoða er að afnema virðisaukaskatt á sölu hrossa og freista þess að ná umsvifum greinarinnar inn í kerfið og upp á borðið, greininni og samfélaginu öllu til framdráttar.

**6. Er þinn flokkur tilbúinn til að beita sér fyrir lagabreytingu þannig að allir þeir sem eiga og rækta íslenska hestinn sitji við sama borð þegar kemur að ákvarðanatöku um hann.**

Svar. Það væri ákjósanlegt að sá stóri hópur sem stundar hestamennsku í þéttbýli hefði betri aðgang að mótun ræktunarstefnu fyrir íslenska hestinn.

**7. Er þinn flokkur tilbúinn til að skoða frekari uppbyggingu íþróttareiðhúsa um landið.**

Svar: Gjörbreytt staða ríkissjóðs gefur möguleika til þess að sækja fram á nýjan leik til stuðnings hestamennsku. Það er best að hestamenn sjálfir ákveðið forgangsröðun þeirra fjármuna sem greinin hlýtur frá hinu opinbera.

**8. Er þinn flokkur tilbúinn til þess eftir kosningar að gera samning við Landsamband hestamannafélaga um þau verkefni sem LH og hestamannafélögin sinna hér á landi og erlendis fyrir íslenska hestinn og þá sem honum una. Á ári hverju taka einstaklingar á vegum LH starf í því mikilvæga sjálfbóðaliðsstarfi sem fram fer innan FEIF, sem eru alþjóðasamtök í kringum íslenska hestinn.**

Svar: Slíkur samningur gæti að okkar mati verið mjög heppileg leið til þess að ná betur utan um greinina í heild sinni. Það verður seint fullþakka fyrir það mikla útbreiðslu og kynningarstarf sem hestamenn sinna fyrir hönd íslenskrar ferðaþjónustu. Bætt staða ríkissjóðs gefur möguleika til þess að sækja fram á nýjan leik, eftir niðurskurð undanfarinna ára en það á að vera hestamanna sjálfra að ákveða með hvaða hætti best sé að nýta þá fjármuni.

**9. Er þinn flokkur tilbúinn til að setjast niður eftir kosningar með forsvarsmönnum Landsmóts hestamanna og finna lausn á þeim vanda sem varð til þegar fresta þurfti Landsmóti um eitt ár vegna „Smitandi hósta“ sem herjaði á íslenska hrossastofninn vorið 2010?**

Svar: Það viljum við gera og höfum haft aðkomu að því að styðja við einstök félög og mótssvæði sem eru illa stödd vegna uppbyggingar og lítilla umsvifa. Stjórnvöld og hestamenn ættu að freista þess að finna flöt til þess að koma til móts við bága stöðu Landsmóts ehf.

Samfylkingin vill efla stöðu hrossaræktar og hestamennsku með öllum færum leiðum. Við styðjum núverandi stoðkerfi landbúnaðarins en teljum að meira þurfi að gera til að styðja aðrar greinar sem falla utan þess stuðnings, svo sem hrossarækt.